

Ed.

885. Nefndarálit

um frumvarp til laga um almenna bjálp vegna dýrtíðarinnar.

Frá minni hluta bjargráðanefndar.

Jeg hefi ekki getað fallist á breytingartillögu þá, sem háttv. meðnefndarmenn mínir koma fram með við frumvarp þetta, að selja um 2800 smálestir af kolum undir verði, eða 125 kr. smálestina.

Frumvarp um að selja vörur undir verði, sem borið var fram í háttv. neðri deild, hefir nú verið felt, og var það þó ekki jafn fráleitt og þessi tillaga, því að það fór fram á, að nokkrar nauðsynjavörur, sem almenningur notar svipað, væru seldar undir verði, svo sem rúgmjöl, hveiti, brauð, steinólía o. s. frv., en ekki að eins ein sjerstök vara, kol, er mikill meiri hluti landsmanna notar ekki nema að litlu leyti til eldsneytis, og mun þó enginn vilja halda því fram, að annað eldsneyti, er flestir veíða að nota eingöngu, sje ekki einnig afskaplega dýrt á þessum tímum.

Það er því auðsjeð af tillögu háttv. meiri hluta nefndarinnar, að hann vill sneiða hjá því, að þessi ráðstöfun hans verði fjöldanum að notum, en hjálpa þeim heldur ríflaga, sem hann vill hjálpa, þar sem lagt er til, að landsverslunin selji kolin fyrir 125 kr. smálestina, liðlega $\frac{1}{8}$ hluta af því verði, er þau kosta nú.

Fyrir þetta verð á svo að úthluta 2800 smálestum og verja til þess úr landssjóði um 500000 kr. eða meiru, því að jafnframt er ætlast til, að kolin verði seld fyrir sama verð áflutt á sem hentugasta staði í kaupún landsins og kaupstaða, þótt landsstjórnin hafi ekki að þessu þóst sjá sjer það fært hvað aðrar vörur snertir.

Þessi upphæð hefði verið talin hjer stórfje til skamms tíma, en nú mun þykja litlu máli skifta, hvernig hverjum 100000 kr. er varið, síðan landssjóður hefir orðið að taka að láni nokkrar miljónir króna, og öll útgjöld landsins nú því fremur verið tekin úr láns- eða skuldassjóði en landssjóði.

Ummæli háttv. meiri hluta, um hvað þetta muni kosta landssjóð, virðast mjer hálf þokukend, þar sem hann segir, að von sje um, að það fari ekki fram úr 100 kr. fyrir hverja smálest, og að ekki sje útlit fyrir, að það verði yfir 200 kr. Býst jeg því við, að áætlun mín um kostnaðinn sje á betri rökum byggð.

Frumvarp háttv. neðri deildar, sem háttv. meiri hluti vill lagða með breytingartillögu sinni, tel jeg innihalda mjög nauðsynleg tryggingarákvæði fyrir allan almenning, og í raun og veru vera sjálfsagða og einu leiðina, sem á að fara og fær er, eins og nú er ástatt. Samskonar hjálp hefir landssjóður einnig látið áður í tje, en aldrei, svo mjer sje kunnugt, hefir þeirri misrjettis- og ranglætis- aðferð verið beitt fyr, sem um getin breytingartillaga fer fram á, að gefa nokkrum einstaklingum þjóðfjelagsins tje, með því að láta þá fá sjerstaka vörutegund langt undir sannvirði, en ætlast jafnframt til, að öðrum, sem vel geta verið eins,

eða meiri hjálpar þurfar, skuli að eins veitt lán, þótt með vægum og sanngjörnum kjörum sje.

Jeg vil taka dæmi, til að sýna að hjer er ekki ofmælt, eða ofhörðum orðum um farið. Tveir heimilisfeður, sem líkt eru efnum búnir, hafa leitast við að búa sig undir næsta vetur, en þeir hafa ekki gert það á sama hátt. Annar þeirra hefir látið það sitja í fyrirrúmi að afla sjer mós og annars eldneytis, með vinnu sinni eða á annan hátt, og lagt þannig talsvert í kostnað, en hinn hefir látið þetta sitja á hakanum, og þar af leiðandi fremur getað aflað sjer matvæla og annara lífsnauðsynja. Hvorugur þessara manna getur sjeð fjölskyldu sinni farborða; verða því báðir að leita hjálpar hjá viðkomandi bæjarstjórn eða sveitarstjórn.

Á hvern hátt mundu þessi stjórnarvöld veita hjálp, er svo stæði á sem hjer? Sterkar líkur, ef ekki vissa, er fyrir því, að sá, sem vantaði eldsneytið, fengi gefnu kolin, en hinn, sem matvæla þarfnaðist, fengi lán.

Af þessu mun öllum verða fullljóst, hve breytingartillaga háttv. meiri hluta nefndarinnar skipar rjettlætinu háan sess.

En ekki verður útkoman glæsilegri eða sanngirninn meiri gagnvart þeim, sem áður hafa orðið að nota slíkan styrk, ef oftnefnd tillaga er borin saman við þær hallærisráðstafanir, sem áður hafa verið gerðar, því að lánskjör þau, er frumvarpið heimilar, eru að miklum mun betri en nokkru sinni áður undir svipuðum kringumstæðum, og er það síst að lasta.

Jeg ræð því háttvirtri deild til að fella þessa breytingartillögu um sölu kola undir verði, sem ætlast er til að verði 3. gr. frumvarpsins, en að samþykkja það að öðru leyti.

Alþingi, 10. sept. 1917.

Guðm. Ólafsson.